

11.september 2020

Til: **Samráðsvettvangs um málefni Þjórsárdals**

Frá Rauðukömbum ehf. – Framkvæmdaaðila Fjallabaðanna í Þjórsárdal

Á sameiginlegum fundi ýmissa hagsmunaaðila um málefni Þjórsárdals, sem haldinn var að frumkvæði Skeiða- og Gnúpverjahrepps í Árnesi snemma árs 2020, var leitað til Rauðukamba um að taka forystu við fjármögnun, uppsetningu og svo rekstur á „Gestastofu“ Þjórsárdals.

Ýmsar hugmyndir komu fram á fundinum um notkun og rekstur hússins, sem gæti þá hýst fjölbreytta starfsemi. Gestastofan gæti verið upplýsingamiðstöð til ferðamanna, og miðlað til gesta einstakri náttúru og sögu dalsins. Húsið yrði um leið gestamóttaka fyrir Fjallaböðin og móttaka fyrir tjaldsvæðið á Sandártungum. Einnig væri þar veitingaþjónusta og sýningarrými sem gæti nýst t.d. Minjastofnun, Umhverfisstofnun og jafnvel Landsvirkjun.

Fyrir hönd Rauðukamba vil ég lýsa yfir áhuga félagsins á að koma að byggingu hússins. Mikilvægt er hins vegar að skjóta sterkum stoðum undir framkvæmdina og rekstur þess til langs tíma. Því þarf að huga vel að staðsetningu, og að rekstur hússins sé sjálfbær til langs tíma.

Á fundinum var rætt um þann kost að setja húsið niður við mynni dalsins og teljum við hjá Rauðukömbum að staðsetning við Selhöfða geti verið ákjósanleg málamiðlun sem gæti hentað fjölbreyttri starfsemi.

Þar væri hægt að setja niður fallett hús úr timbri úr dalnum, með einstöku útsýni og metnaðarfullum arkitektúr, þannig að húsið gæti verið aðdráttarafli í sjálfu sér. Selhöfðar væru góður upphafsstaður fyrir ferðalanga til að sækja sér upplýsingar og fræðslu. Um leið væri húsið móttaka fyrir tjaldsvæðið í Sandártungum, en á flötunum á milli Selhöfða og Sandártungu er rými fyrir framtíðarþróun þess svæðis. Gestastofan yrði einnig gestamóttaka Fjallabaðanna. Þá myndu Rauðukambar leggja af hugmyndir um uppsetningu bílastæða og gestamóttöku við afleggjarann að Reykholti, áður úthlutað og deiliskipulagt svæði við gervígana. Það svæði er innan friðlýsts svæðis Umhverfisstofnunar, en Selhöfðar eru utan þess.

Við hjá Rauðukömbum er tilbúnir til að vera leiðandi í verkefninu en óskum eftir nánu samstarfi við alla hlutaðeigandi um undirbúning og framkvæmd Gestastofunnar. Ef Samráðsvettvanginum líst vel á þessar hugmyndir viljum við leggja til að formlegur undirbúningur hefjist við fyrsta tækifæri.

Með kærri kveðju,

Magnús Orri Schram

Framkvæmdastjóri Rauðukamba